

Kvikmynda-menningar og Kaupmannahafnaráfangi

Undanfari: Stúdentspróf í dönsku.

Valáfangi gefur 5 (f) einingar.

Áfanginn er símatsáfangi sem metinn er út frá: 50% mæting og Log-bog og 50% verkefnaskil. Verkefnum ber að skila á tilskyldum dagsetningum og mætingaskylda er í alla tíma nema annars sé sérstaklega getið.

Að loknum valáfanga hefur nemandi með stúdentspróf í dönsku frá málabraut MR hlotið samtals 15 (f) einingar og af náttúrufræðibraut MR samtals 10 (f) einingar. Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi. Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi en að auki þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sína almennt. Áfanga lýkur með menningarferð til Kaupmannahafnar á vorönn (ekki skylda). Þeir nemendur sem ekki velja menningarferðina skila ritgerð um efni sem kennarar gefa síðar upp.

- **Námsefni:** Valdar danskar kvikmyndir, danskir sjónvarpsþættir, danskar fréttir og fréttatengdir þættir, þættir og ljósrit um sögu Danmerkur, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn m.m. Nemendur eiga að skrifa Log-bog sem á að innihalda lýsingu á því sem fram fer í tímum s.s hvert var innihald kennslustunda, hvað nemandi fannst um námsefnið með meiru. Skrifa á minnst 75 orð fyrir hvern tíma. Nemendur mega nýta sér allar orðabækur við vinnslu verkefna og í tíma. Einnig er leyfilegt að nota tölvu í tímaverkefnum og við skrif í Log-bog.
- **Markmið áfangans:** Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir hæfniprep 2. (B2 í viðmiðum Evrópsku tungumálamöppunnar) Nemandi skal ma. hafa aflað sér þekkingar og skilnings á grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins -viðhorfum og gildum í Danmörku og hvernig þau móta samfélagið-orðaforða, orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.
- **Kennsluhættir-vinnulag:** Nemendur vinna einstaklingsbundið og í hópum eftir eðli og umfangi verkefnisins.

Horfa- hlusta: Sýndar verða kvikmyndir, fréttapættir, annað efni, og ma. hlustað eftir samtölum, mismunandi málnotkun og skoðað það félagslega, menningarlega og landfræðilega umhverfi sem kynnt er.

Lesi- tala: Nemendur lesa ýmislegt almennt og sértækt efni sem varðar t.d. sögu Danmerkur, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn, danskar kvikmyndir og sögu þeirra. Nemendur fylgjast einnig sjálfstætt með fréttum af því sem gerist og miðla því til hópsins í umræðum, fyrirlestrum, gagnrýni og kynningum.

Skrifa: Kvikmyndagagnrýni, umræður á netinu, kynningar á leikurum/leikstjórum og verkum þeirra, nemendur færa Log-bog ofl.

Kennsluáætlun haust 2022

22 og 24 ágúst Kynning á námsefni annarinnar ásamt skipulagi, námskröfum og skilaverkefnum vegna símats. (M og L)
29 og 31 ágúst Afhenda málfræðihefti fyrir valáfangann. Rifja upp danska málfræði í tíma og vinna verkefni úr hefti. Skrifa í Log-bog. (M)
5 og 7 september Kynning á aðferðarfræði varðandi kvikmyndagagnrýni. "Der kommer en dag" verður kynnt og sýnd í tíma. Skrifa í Log-bog. (L)
12 og 14 september Klára sýningu á myndinni "Der kommer en dag". Skrifa í Log-bog.(M)
19 og 21 september Tölvuverkefni, einstaklings. Skrifa kvikmyndagagnrýni í tölvu ef þið hafið aðgang að slíkri frá myndinni "Der kommer en dag". Aðgangur að öllum tegundum orða- og málfræðibóka. Senda í lok tímans á magdalen hjá mr.is eða laufeyj hjá mr.is. Skrifa í Log-bog. (L)
26 og 28 september Málfræðiupprifjun. Koma með málfræðihefti. Skrifa í Log-bog (M)
3 og 6 október Leikir, tala, hlusta, skilningur. Skrifa í Log-bog. (L)
10 og 12 október Gönguferð um slóðir Dana í Reykjavík. (L og M)
17 og 19 október Hópaverkefni. Unnið með áhrif Dana á miðbæ Reyjavíkur. (L og M).
24 og 26 frí
31 október og 2 nóvember Kvikmyndasýning / norrænir sjónvarpsþættir. (M)
7 og 9 nóvember Klára kvikmynd/þætti. Undirbúa munnlega kynningu, 3 saman.(L)
14 og 16 nóvember Munnlegar kynningar úr kvikmynd /þáttum.(L og M)
21 og 23 nóvember Málfræðiheftið. Vinna í Log-bog, gera önnina upp. Umræður. Hvað þarf ég að gera betur á næstu önn og hvað fór vel? Eru einhverjir ákveðnir hæfnipættir sem hafa orðið betri og hvar á áherslan að liggja á komandi misseri? (L og M)

Til námsmats haustannar: 25% af heildar námsmati.

19 og 21 september: Kvikmyndagagnrýni (5%): Skilað í lok tíma

17 og 19 október: Hópaverkefni (5%): Gönguferð um Reykjavík á slóðir Dana.

14 og 16 nóvember: Munnleg kynning (5%): Úr kvikmynd /norrænum þáttum

21 og 23 nóvember: Skila málfræðihefti og Log-bog (10%, 5% hvor um sig).

Kennarar: Magdalena Margrét Ólafsdóttir
Laufey Jóhannsdóttir

magdalen hjá mr.is
laufeyj hjá mr.is

